

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### *Breyting á nýju deiliskipulagi í Brautarholti á Skeiðum.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deiliskipulag í Brautarholti á Skeiðum 29. september 2003. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir átta íbúðarhúsalóðum og sex parhúsalóðum. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags áður samþykkt deiliskipulag af hluta svæðisins frá 19. ágúst 1999. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag í landi Álfsstaða, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps deiliskipulag í landi Álfsstaða á Skeiðum 29. september 2003.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sex nýjum frístundalóðum. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Skriðufells, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps breytingu á deiliskipulagi í landi Landssímans á Skriðufelli þann 29. september 2003. Gert er ráð fyrir sjö nýjum húsum undir frístundabyggð í landinu. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Árnesi, 23. desember 2003.*

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps,

**Ingunn Guðmundsdóttir.**